

Nd.

323. Breytingartillögur

[10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá Gísla Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 130 MW raforkuver í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða raforkuver í Skjálfandafhljóti við Íshólsvatn, ásamt aðalorkuveitum, enda liggi ekki fyrir lögleg ákvörðun um, að Rafmagnsveitur ríkisins eða norðlenskur virkjunaraðili annist þessar framkvæmdir.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjarfoss eða allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.
4. Að ráðast í áætlanir og framkvæmdir til að tryggja það, að sem mest af orkunni frá hinni nýju stórvirkjun eða stórvirkjunum, sem ekki telst nauðsynleg til að fullnægja hinum almenna markaði, verði notað til hitunar húsa.

Nú tekst ekki nægilega snemma að tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar, og er Landsvirkjun þá heimilt að reisa allt að 30 MW raforkuver í Brúará við Efstadal og einnig allt að 10 MW jarðgufuorkuver í Mývatnssveit, ef bæjarstjórnir og sýslunefndir á orkuveituvæði Laxár óska þess.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna samkv. 1. málsgr., sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

2. Við 4. gr. Orðin „í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá“ falli niður.

3. Við 5. gr. Í stað orðanna „Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá“ komi: virkjana.

4. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (6. gr.) Heimild í 2. og 3. tölul. 6. gr. er bundin því skilyrði, að Landsvirkjun skuldbindi sig til, gegn tilsvarendi hækkun ríkisábyrgðar fyrir láni, að tengja saman með aðalorkuveitu raforkuverin á austanverðu Norðurlandi og Suðurlandi, ef ráðherra mælir svo fyrir og á þann hátt og á þeim tíma, sem hann ákveður með hæfilegum fyrirvara. Enn fremur að selja raforku á sama verði til allra almenningsrafveitna, sem kaupa orkuna frá aðalorkuveitum Landsvirkjunar.

b. (7. gr.) Alþingi það, er samþykkir lög þessi, kýs 7 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku, og skulu tillögur hennar lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 1972. Með tillögum nefndarinnar skal að því stefnt, að fyrirtækið Landsvirkjun verði annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, er þess óska, í réttu hlutfalli við fólksfjölda, og að raforka til sams konar nota verði seld á sama verði um land allt.